Sþ.

# 197. Skýrsla

samgöngumálaráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1967.

## Framkvæmdir samkvæmt vegáætlun 1967.

### I. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR

Unnið hefur verið að framkvæmd vegáætlunar á yfirstandandi ári, eins og nánar greinir í eftirfarandi skýrslu.

1. **Endurskoðun vegáætlunar 1967 og 1968.** Þegar greinargerð með tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á vegáætlun 1967 og 1968 var samin í marz s. l., lágu ekki fyrir endanleg reikningsskil vegasjóðs fyrir árið 1966. Var í greinargerðinni reiknað með, að eftirstöðvar tekna fyrri ára, sem yrðu til ráðstöfunar í ár, yrðu 18.2 millj. kr. Var þar miðað við, að heildarútgjöld Vegasjóðs árið 1966 yrðu 313.7 millj. kr., en heildartekjur 331.9 millj. kr., og yrðu því eftirstöðvar tekna til ráðstöfunar 1967 um 18.2 millj. kr.

Þegar lokareikningsskil Vegasjóðs lágu fyrir, kom í ljós, að heildarútgjöld á árinu urðu 320.4 millj. kr. eða 6.7 millj. kr. hærri en áætlað var í marz, en heildartekjur 331.6 millj. kr. eða 0.3 millj. kr. lægri en áætlað var. Eftirstöðvar tekna til ráðstöfunar í ár urðu því aðeins 11.2 millj. kr. eða 7.0 millj. kr. lægri en gert er ráð fyrir í hinni endurskoðuðu vegáætlun.

Þessi hækkun á heildarútgjöldum Vegasjóðs á árinu 1966 stafar nær eingöngu af því, að kostnaður við vegaviðhaldið á árinu varð meiri en vitað var í byrjun þessa árs. Stafar þetta fyrst og fremst af óvenju miklum kostnaði við vetrarviðhald seinustu mánuði ársins.

2. **Áhrif verðhækkana.** Frá því vegáætlun var endurskoðuð í marz s. l. hafa engar verðbreytingar orðið, sem áhrif hafa á vísitölu hinna einstöku framkvæmdaliða.

Hinn 1. sept. 1966 hækkaði kaupgjaldsvísitala úr 185 í 188 stig. Þessi breyting hafði í för með sér hækkun vísitölu vegaviðhalds og vegagerðarkostnaðar um 1 stig í marz, en vísitala brúargerðarkostnaðar stóð í stað vegna lítilsháttar lækkunar á efniskostnaði.

**Breytingar á framkvæmdavísitölu frá ágúst 1966 til ágúst 1967 hafa því orðið, svo** sem hér segir:

| | Ágúst 1966 | Marz 1967 | Ágúst 1967 |
|---|---|---|---|
| Vegaviðhald | 570 | 571 | 571 |
| Vegagerð | 526 | 527 | 527 |
| Brúargerð | 691 | 691 | 691 |

Verðbreytingar á yfirstandandi ári hafa því ekki haft nein áhrif til hækkunar á framkvæmdakostnað.

Hins vegar hefur það valdið talsverðum erfiðleikum, að fjárveitingar til einstakra vegaframkvæmda í vegáætlun voru ekki endurskoðaðar með tilliti til verðhækkana við vegagerð frá því að vegáætlun var samin í febrúar—marz 1965, en framkvæmda-

kostnaður við vegagerð hefur síðan hækkað um 13%, þ. e. vísitala vegagerðarkostnaðar hefur á þessu tímabili hækkað úr 466 í 527.

3. **Áhrif veðurfars og náttúruhamfara.** Síðastliðinn vetur var óvenju snjóþungur um allt, land, og stafar hækkun á heildarútgjöldum ársins 1966 umfram það, sem vitað var við endurskoðun á vegáætlun, nær eingöngu af vetrarviðhaldi seinustu mánuði ársins 1966, eins og vikið er að hér að framan.

Mjög stórfelldar skemmdir á vegum og brúm urðu af vatnavöxtum í janúar þessa árs, eins og greint var frá í greinargerð með till. til þingsályktunar um endurskoðun á vegáætlun 1967 og 1968. Var þar áætlað, að kostnaður við viðgerðir á þessum skemmdum yrði um 4.0 millj. kr., og mun sú áætlun hafa verið nærri lagi.

4. **Umferðartalning og vegaeftirlit.** Í hinni endurskoðuðu vegáætlun var tekin upp sérstök fjárveiting á þessum lið. Hefur umferðartalningum verið haldið áfram í ár með líku sniði og á s. l. ári, en þó auknar nokkuð, m. a. vegna sérstakrar athugunar á samgönguleiðinni fyrir Hvalfjörð. Enn hefur aðeins verið unnið úr þessum talningum að mjög litlu leyti.

Umferð um Reykjanesbraut hjá gjaldstöðinni við Straum jókst um 8.1% á tímabilinu jan.—okt. 1967 miðað við sama tímabil árið 1966 (1540 bílar á dag í báðar áttir 1967 á móti 1425 bílum á dag 1966). Umferð yfir sumarmánuðina, þ. e. júní—sept., var á þessum vegi 1530 bílar á dag 1966 á móti 1740 bílum 1967, og er það um 14% aukning. Þessi aukning á sumarumferðinni stafar m. a. af flutningi á utanlandsflugi Flugfélags Íslands h.f. til Keflavíkur í byrjun júlí og einnig af mjög auknum flutningum á steypuefni frá Suðurnesjum til Reykjavíkur og víðar.

Á öðrum vegum varð aukning þó minni, t. d. á Hafnarfjarðarvegi við Kópavogslæk 12.9% (11.137 bílar á dag). Á Vesturlandsvegi austan við vegamót Borgarnesbrautar hefur aukningin numið 8—9% á ári undanfarin 2 ár (815 bílar á dag), svo að nokkur dæmi séu nefnd.

Svo sem gert var ráð fyrir við endurskoðun vegáætlunar, hefur í ár verið haldið uppi sérstöku vegaeftirliti í náinni samvinnu við lögregluyfirvöld, þannig að vegagerðin hefur lagt til bifreiðar, bifreiðavogir og aðstoðarmenn, en lögregluyfirvöld lögregluþjóna. Voru tvær sérstaklega búnar bifreiðar keyptar í þessu skyni, svo og fullkomnar færanlegar bílavogir. Þeir starfsmenn, sem séð hafa um vegaeftirlitið, hafa svo jöfnum höndum séð um umferðarteljara á ýmsum stöðum. Hefur þetta reynzt mjög hagkvæmt fyrirkomulag.

Í júlí s. l. voru undanþágur frá 55. og 56. gr. umferðarlaga, nr. 26/1958, um mestu breidd og hámarksöxulþunga ökutækja, rýmkaður verulega á öllum vegum og þó sérstaklega á þjóðbrautum. Í þessu efni hefur verið gengið eins langt og frekast er unnt með hliðsjón af öryggi vega og brúa, og er leyfður öxulþungi á þessum vegum orðinn jafnhár og tíðkast í flestum löndum Evrópu.

Í apríl og maí s. l. varð að takmarka mjög öxulþunga á ýmsum vegum vegna aurbleytu, og fylgdist vegaeftirlitið með því, að þeim takmörkunum væri hlýtt. Eftir að þeim takmörkunum var aflétt, var fylgzt áfram með öxulþunga bifreiða víðs vegar um landið.

Síðari hluta sumars og í haust hefur borið mun minna á yfirhleðslu bifreiða, en fyrri hluta ársins. Standa því vonir til, að umferðaeftirlitið beri tilætlaðan árangur. Það verður að teljast mjög nauðsynlegt, að kærur vegna brota hljóti skjóta afgreiðslu réttra yfirvalda.

5. **Innheimta tekna og greiðsluyfirlit.** Í greinargerð með tekjuáætlun vegasjóðs af benzínskatti fyrir yfirstandandi ár er benzínsala á tekjuáætlun (nóv.—okt.) áætluð 71.0 millj. lítrar og er það um 2.8% aukning frá árinu á undan. Á tímabilinu nóv. 1966 til septemberloka 1967 hefur benzínsalan aukizt um 3 millj. lítra eða 4.7% miðað við sama tímabil árið áður. Þar sem hér er um að ræða 11 af 12 tekjumánuðum vegasjóðs af benzínsölu, má gera ráð fyrir, að heildartekjur af benzínskatti á árinu verði um 4 millj. kr. hærri en áætlað er.

Tekjur af þungaskatti eru í vegáætlun áætlaðar 71.2 millj. kr. á árinu brúttó. Í lok október námu tekjur af þungaskatti um 67 millj. kr. brúttó, en voru á sama tíma 1966 um 61.2 millj. kr. Verði tekjur af þungaskatti síðustu 2 mánuði ársins svipaðar og á s. l. ári, ættu heildartekjur af þungaskatti að verða um 72.8 millj. kr. eða 1.6 millj. kr. umfram áætlun.

Í vegaáætlun eru tekjur af gúmmígjaldi áætlaðar 13.2 millj. kr. í ár, en voru tæpar 12.1 millj. kr. s. l. ár. Til loka október í ár hafa þessar tekjur numið 9.4 millj. kr., en voru á sama tíma á s. l. ári 10.0 millj. kr. Verði innflutningur á bifreiðagúmmíi svipaður í nóv. og des. í ár og á s. l. ári, verða heildartekjur af þessum lið tæplega meiri en 11.5 millj. kr. eða 1.7 millj. kr. lægri en áætlað var.

Endurgreiðslur af benzínskatti og þungaskatti voru í októberlok 16.5 millj. kr., en eru áætlaðar alls 21.9 millj. kr. Eins og er verður ekki spáð með neinni vissu um, hvort sú áætlun stenzt eða ekki, en s. l. ár námu endurgreiðslur alls 17.7 millj. kr.

Eftirstöðvar tekna frá fyrra ári verða 11.2 millj. kr. í stað 18.2 millj. kr., af ástæðum, sem greindar eru undir lið I, 1.

Samkvæmt framansögðu, má búast við, að innheimta tekna verði sem hér segir á árinu 1967:

| | Áætlaðar tekjur samkv. vegáætl., í millj. kr. | Innheimtar tekjur samkv. áætl. í okt., í millj. kr. |
|---|---|---|
| 1. Benzínskattur, nettó | 239.4 | 243.4 |
| 2. Þungaskattur, nettó | 70 5 | 72.1 |
| 3. Gúmmígjald | 13.2 | 11.5 |
| 4. Ríkisframlag | 27.0 | 27.0 |
| 5. Eftirstöðvar tekna | 18.2 | 11.2 |
| Alls | 368.3 | 365.2 |

Samkvæmt framansögðu má því gera ráð fyrir, að um 3 millj. kr. vanti á, að tekjuáætlun standist.

Gjöld vegasjóðs áætlast þannig:

| Gjöld: | |
|---|---|
| 1. Útgjöld samkv. vegáætlun | 368.3 millj. kr. |
| 2. Kostnaður við vegaviðhald umfram áætlun, sbr. lið II. 1 (vetrarviðhald) | 5.0 — — |
| 3. Halli á Reykjanesbraut vegna gengisbreytingar m. m., sbr. lið III. 1.1 | 2.7 — — |
| 4. Umframgreiðslur vegna smábrúa, sbr. lið V. 3 | 0.5 — — |
| Alls | 376.5 millj. kr. |

Þar sem horfur eru á, að tekjur vegasjóðs verði ekki nema 365.2 millj. kr. á árinu, má gera ráð fyrir, að greiðsluhalli vegasjóðs í ár verði um 11.3 millj. kr.

6. **Föst lán til vegaframkvæmda.** Með heimild í III. kafla vegáætlunar 1967 hefur ráðuneytið í samráði við framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar og Vestfjarðaáætluð aflað fastra lána til lagningar nokkurra þeirra vega, sem tilgreindir eru í III. kafla vegáætlunar í ár. Til einstakra vegaflokka nema lán þessi eftirtöldum upphæðum:

| | |
|---|---|
| 1. Hraðbrautir | 24.2 millj. kr. |
| 2. Þjóðbrautir | 30.4 — — |
| 3. Landsbrautir | 3.0 — — |
| Alls | 57.6 millj. kr. |

Af þessum lánum eru 48.0 millj. kr. samkv. framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar, en 9.6 millj. kr. samkv. Vestfjarðaáætlun. Um skiptingu lána þessara vísast til greinargerðar um framkvæmdir á einstökum vegum.

Yfirlit yfir föst lán vegasjóðs, í millj. kr.:

| | Árslok 1966 | Árslok 1967 |
|---|---|---|
| 1. Hraðbrautir | 237.6 millj. kr. | 236.5 millj. kr. |
| 2. Þjóðbrautir | 60.0 — — | 85.9 — — |
| 3. Landsbrautir | 9.7 — — | 12.6 — — |
| Alls | 307.3 millj. kr. | 335.0 millj. kr. |

7. **Bráðabirgðalán til vegaframkvæmda.** Í ár hefur verið fylgt sömu reglu og síðastliðin ár, að samþykkja aðeins bráðabirgðalán til þeirra vegaframkvæmda, sem fjárveitingu hafa í vegáætlun næstu ár, og hámark lána miðað við þær fjárveitingar. Hafa slík lán þó aðeins verið samþykkt, að verulegur ávinningur væri að því að vinna verk í einum áfanga eða ljúka tilteknu verki.

Í eftirfarandi yfirliti eru tilgreind bráðabirgðalán til hraðbrauta, þjóðbrauta og landsbrauta í árslok 1966 og 1967, sem greiðast eiga af fjárveitingum í vegáætlun 1968:

| | Árslok 1966 | Árslok 1967 |
|---|---|---|
| 1. Hraðbrautir | 0 000 þús. kr. | 4 258 þús. kr. |
| 2. Þjóðbrautir | 2 676 — — | 2 807 — — |
| 3. Landsbrautir | 5 955 — — | 5 087 — — |
| Alls | 8 631 þús. kr. | 12 152 þús. kr. |

Af bráðabirgðalánum í árslok 1967 eru 4.3 millj. kr. lán frá 1966 eða eldri, og hafa því verið samþykkt ný lán á árinu, að upphæð 7.8 millj. kr., sem notuð hafa verið að einhverju eða öllu leyti.

Í árslok 1966 eru ný lán nú talin hafa verið nær 0.6 millj. kr. lægri en þau voru talin í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1966. Þessi mismunur stafar af því, að mikið af veittum lánsheimildum á árinu 1966 voru ekki notaðar.

## II. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA

### 1. Viðhaldskostnaður þjóðvega.

**Vetrarviðhald.** Fjárveiting var 134.0 millj. kr., og hafði sú upphæð verið hækkuð um 31.2 millj. kr. við endurskoðun á vegáætlun í marz s. l. Í greinargerð um þessa fjárveitingu við endurskoðun á vegáætlun í marz s. l. var kostnaður við vetrarviðhald í ár áætlaður 14 millj. kr. og að auki 1 millj. kr. vegna endurskoðunar á reglum um snjómokstur frá 1958, sem heitið var að rýmkaðar yrðu á þessu hausti, og hefur það þegar verið gert.

Hins vegar var s. l. vetur óvenju snjóþungur um allt land, eins og vikið er að undir lið I. 1. Varð beinn kostnaður við snjómokstur á tímabilinu janúar—maí um 16 millj. kr. eða 1 millj. kr. hærri en áætlaður heildarkostnaður á þessum lið fyrir allt árið. Á þessu hausti hefur vetur gengið mun fyrr í garð en oft áður, og er þegar orðinn verulegur kostnaður við snjómokstur það sem af er. Má því búast við, að snjómokstur á árinu verði a. m. k. um 20 millj. kr. eða um 5 millj. kr. hærri en áætlað var í vegáætlun. Kemur þar og til, að við endurskoðun á snjómokstursreglum, þá lengist sá hluti vegakerfisins, sem Vegagerð ríkisins greiðir allan kostnað við snjómokstur á, úr 1337 km í um 2664 km, þ. e. um 100%. Er augljóst, að þessi aukning mun hafa verulega aukinn kostnað í för með sér, en þó fyrst og fremst á næsta ári.

**Skemmdir vegna vatnavaxta.** Í janúar s. l. urðu mjög stórfelldar skemmdir á vegum og brúm vegna stórflóða á Suður-, Vestur- og Norðurlandi. Var tjón af þessum skemmdum við endurskoðun á vegáætlun í marz lauslega áætlað um 4 millj. kr., og mun láta nærri, að kostnaður við viðgerðir hafi numið þeirri upphæð.

Önnur stóráföll af völdum náttúruhamfara hafa ekki orðið á þessu ári, enn sem komið er.

**Aukning umferðar og almennt ástand malarvega.** Umferð á flestum vegum eykst jöfnum höndum við fjölgun bifreiða í landinu, eins og vikið er að undir lið I og er á hinum fjölfarnari aðalvegum næst þéttbýli víða komin yfir það, sem malarvegir þola.

Miklar skemmdir urðu á vegum s. l. vor af völdum holklaka. Tímabundnar takmarkanir á öxulþunga á einstökum vegum eru miklum erfiðleikum bundnar, einkum á hinum fáfarnari vegum, þar sem beinu eftirliti verður ekki við komið. Eina varanlega lausnin á þessum vanda er endurbygging burðarlagsins, eins og gert var með góðum árangri á Suðurlandsvegi í Flóa árið 1966.

Þá hefur viðgerðarkostnaður á gömlum brúm aukizt verulega hin síðari ár vegna vaxandi þyngdar ökutækja. Af þeirri reynslu, sem fengizt hefur af umferðareftirliti í ár, er ljóst, að vakandi eftirlit með settum reglum um öxulþunga bifreiða kemur að miklu gagni til að fyrirbyggja of mikið álag á vegi og brýr og að það er einnig til hagsbóta fyrir bifreiðaeigendur sjálfa að ofhlaða ekki ökutækin.

### 2. Vegamerkingar samkv. umferðarlögum.

Fjárveiting var 1.2 millj. kr. Sett voru upp umferðarmerki samkv. reglugerð nr. 61/1959 á 195 km af þjóðbrautum og landsbrautum. Enn fremur voru sett upp 42 stór leiðarmerki (töflur) við veigamikil vegamót. Af einstökum flokkum vega samkv. vegáætlun 1965—1968 er nú lokið merkingum, eins og hér segir:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Af | 112 km af hraðbrautum | eru merktir | 112 km | eða | 100% |
| — | 2911 — — þjóðbrautum | — — | 2675 | — — | 92.0% |
| — | 5736 — — landsbrautum | — — | 1650 | — — | 28.5% |
| | Alls 8759 km | Alls | 4437 km | | |

Nokkru minna var sett upp af nýjum umferðarmerkjum í ár en undanfarin ár. Stafar þetta af því, að samkvæmt ósk H-nefndar voru á s. l. sumri flutt frá vinstri yfir á hægri vegarkant nær öll umferðarmerki á þjóðvegum vegna breytingarinnar úr vinstri í hægri umferð á vori komanda. Einnig voru að beiðni H-nefndar settar niður á tólfta hundrað stangir fyrir sérstök leiðbeiningarmerki, sem sett verða upp á H-daginn 26. maí n. k.

Mikið verk var að flytja til öll umferðarmerki á þjóðvegum, og varð því vegna skorts á þjálfuðu starfsliði að draga úr uppsetningu nýrra umferðarmerkja meira en æskilegt hefði verið.

Tekið skal fram, að allur kostnaður við flutning umferðarmerkja og uppsetningu stanga fyrir sérstök leiðbeiningarmerki vegna umferðarbreytingarinnar verður greiddur af H-nefndinni.

## III. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA.

### 1. Til hraðbrauta.

1. **Reykjanesbraut (A 2):**

Lokið var lagningu Reykjanesbrautar ofan Hafnarfjarðar, og var sá 0.9 km kafli malbikaður. Vegna húsa, sem standa mjög nærri veginum, varð að

byggja á þessum kafla dýran varnarvegg milli vegar og lóða. Þá varð einnig vegna hækkunar vegarins við Hafnarfjarðarlæk og ný gatnamót við Lækjargötu að breyta hliðarvegum beggja vegna Reykjanesbrautar á þessum kafla. Þá var talið nauðsynlegt vegna byggðarinnar beggja vegna vegarins á þessum nýja kafla að setja sérstakar öryggisgrindur meðfram veginum. Af þessum sökum hefur orðið allkostnaðarsamt að ljúka lagningu þessa vegarkafla. Var verk þetta unnið af Íslenzkum aðalverktökum samkv. sérstökum samningi.

Í ár var fjáröflun til vegarins og gjöld áætluð, eins og hér segir:

Fjáröflun:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Fjárveiting í vegáætlun | 6.8 millj. kr. |
| 2. | Framlag varnarliðsins | 0.3 — — |
| 3. | Áætlaðar nettótekjur af umferðargjaldi | 14.0 — — |
| 4. | Lán samkv. framkvæmdaáætlun | 24.2 — — |
| 5. | Yfirfærðar tekjur frá 1966 | 3.8 — — |
| 6. | Bráðabirgðalán verktaka | 5.0 — — |
| | Alls | 54.1 millj. kr. |

Gjöld:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Greiðslur vaxta og afborgana af lánum | 41.4 millj. kr. |
| 2. | Kostnaður við að ljúka lagningu vegar ofan við Hafnarfjörð | 10.0 — — |
| 3. | Greiðslur fyrir efnistöku og bætur fyrir landsspjöll vegna lagningar vegarins 1960—1965 | 2.0 — — |
| 4. | Lántökukostnaður | 0.7 — — |
| | Alls | 54.1 millj. kr. |

Fullnaðarfrágangi vegarins frá Engidal við Hafnarfjarðarveg að bæjarmörkum við Keflavík má nú heita lokið. Greiðslum fyrir efnistöku og landspjöll er þó ekki lokið, þar sem nokkuð að kröfum þeim, sem borizt hafa, eru í mati.

Bókfærður stofnkostnaður vegarins verður um næstu áramót um 298 millj. kr. miðað við gamla gengið, og eru þá vextir og fjármagnskostnaður talin til loka þessa árs. Föst lán um næstu áramót nema alls 231.6 millj. kr., miðað við gamla gengið, en verða 264.2 millj. kr. miðað við nýja gengið, þar sem erlend lán í dollurum nema 101 millj. kr.

Greiðslur vaxta og afborgana af föstum lánum hækka um 1.2 millj. kr. á árinu vegna gengisbreytingarinnar 27. nóv., en munu á næsta ári væntanlega hækka um 3.5 millj. kr. af sömu sökum.

Síðan vegurinn var opnaður fyrir almennri umferð hinn 26. okt. 1965, hafa tekjur af umferðargjaldi samkv. reglugerð nr. 202/1965 og nr. 80/1966 orðið, eins og sýnt er í eftirfarandi yfirliti, talið í kr.:

| | Tala bifreiða um gjaldstöð | Tekjur alls (brúttó) | Innheimtukostnaður | Tekjur alls (nettó) | Meðalumferð á dag í báðar áttir |
|---|---|---|---|---|---|
| 1965 | | | | | |
| 26. okt.—21. des. | 39 065 | 2 600 690.00 | 364 640.00 | 2 236 950.00 | 1182 |
| 1966 | | | | | |
| 1. jan.—31 des. | 249 839 | 13 964 927.50 | 1 817 004.67 | 12 157 922.83 | 1369 |
| 1967 | | | | | |
| 1. jan.—31. okt. | 234 313 | 12 830 850.00 | 1 938 205.78 | 10 892 644.22 | 1541 |

Umferð fyrstu 10 mánuði ársins í ár er 8.1%meiri en á sama tímabili 1966. Aukning á brúttótekjum á þessu tímabili er þó ekki nema 6.9%, og stafar það af lækkun gjaldskrár 1. apríl 1966.

Miðað við reynslu s. l. árs má gera ráð fyrir, að brúttótekjur af umferðargjaldi í ár verði um 14.7 millj. kr., en nettótekjur um 12.5 millj. kr., og er það 1.5 millj. kr. lægri upphæð en í áætlun Efnahagsstofnunarinnar.

Kostnaður við rekstur dísilrafstöðvar fyrir gjaldstöðina við Straum hefur orðið mjög verulegur. Í lok ársins verður búið að tengja gjaldstöðina við Rafveitu Hafnarfjarðar, og ætti það að geta lækkað þennan kostnað verulega. Með innheimtukostnaði er hér talinn með styrkur til reksturs skólabifreiðar Vatnsleysustrandarhrepps samkv. sérstökum samningi. Nemur sá styrkur fyrir árið 1966 og það, sem greitt hefur verið á þessu ári, 562 þús. kr., en gjaldfærist allur á þessu ári.

Af þessum sökum mun vanta um 1.5 millj. kr. á áætlaða fjáröflun til vegarins í ár.

Áætlun um gjöld mun standast, að því er bezt er vitað, að öðru leyti en því, að vextir og afborganir lána hækka um 1.2 millj. kr. vegna gengisbreytingarinnar 27. nóv.

Samkv. þessu verður halli á vegáætlun um 2.7 millj. kr. á þessu ári vegna Reykjanesbrautar.

2. **Reykjanesbraut í Breiðholti:**

Í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í ár eru 8.0 millj. kr. til þessa vegar, sem samkv. vegáætlun liggur frá Elliðaám, austan Kópavogs og Hafnarfjarðar. Unnið hefur verið að undirbyggingu kafla um Blesugróf að vegamótum við Breiðholtsbraut, sem tengir hið nýja byggðahverfi í Breiðholti við vegakerfið. Hefur Reykjavíkurborg að mestu séð um þessar framkvæmdir, sem ná yfir um 1 km kafla af þessum vegi.

3. **Þrengslavegur (G 2):**

Fjárveiting til vegarins í vegáætlun er 3.2 millj. kr. Af þessari fjárveitingu var 2.4 millj. kr. ráðstafað til almennrar fjáröflunar til vegaframkvæmda samkv. framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar, en 0.8 millj. kr. til greiðslu vaxta og afborgana af lánum til Suðurlandsvegar frá 1966. Var því ekki unnið að neinum framkvæmdum í þessum tveimur vegum.

4. **Undirbúningur hraðbrautaframkvæmda.**

Unnið hefur verið við undirbúning hraðbrautaframkvæmda frá miðju ári 1966, svo sem hér segir:

1. **Vesturlandsvegur:**

Gerð hefur verið frumáætlun fyrir kaflann Elliðaár—Korpúlfsstaðaá —Leiruvogur. Til undirbúnings lokaáætlunar hefur verið gerð jarðvegskönnun á báðum þessum köflum, svo og grunnmælingar allar, og lokið er gerð loftmyndakorta af fyrri kaflanum.

2. **Suðurlandsvegur:**

Gerð hefur verið frumáætlun um kaflann Lækjarbotnar—Svínahraun, og verið er að hefja gerð frumáætlunar um kaflann Blesugróf—Rauðhólar. Til undirbúnings frekari áætlunargerð hefur verið gerð jarðvegskönnun frá Blesugróf um Hellisheiði að Selfossi. Grunnmælingar hafa og verið gerðar á allri þessari leið, og gerð loftmyndakorta hefst um næstu áramót.

3. **Reykjanesbraut:**

Verið er að vinna að gerð frumáætlunar um kaflana Miklabraut—Breiðholt og Breiðholt—Fífuhvammur. Jarðvegskönnun hefur verið gerð á fyrri kaflanum og sömuleiðis grunnmælingar og gerð loftmyndakorta af sama kafla er langt komin.

4. **Hafnarfjarðarvegur:**

Gerð frumáætlunar fyrir kaflann Hlíðavegur í Kópavogi—Engidalur verður lokið fyrir áramót. Jarðvegskönnun og grunnmælingum er lokið, og verið er að vinna við gerð loftmyndakorta.

Auk þess er nú verið að vinna að nýrri áætlun um umferðarmagn fyrir hraðbrautirnar næst Reykjavík. Áætlun þessi er gerð á vegum Borgarverkfræðingsins í Reykjavík, en Vegagerð ríkisins tekur þátt í áætlunargerðinni og greiðir að nokkru kostnað við hana.

Kostnaður við þennan undirbúning hraðbrautarframkvæmda á s. l. og þessu ári verður um 7.4 millj. kr. Hefur þessi kostnaður til bráðabirgða verið lagður út af Vegasjóði.

## 2. Til þjóðbrauta.

(Töluliðir samkv. vegáætlun 1965—1968.)

1. **Vesturlandsvegur ( B 1):**

a. Hvammsvík—Skeiðhóll og b. Skeiðhóll—Lambasnasir:

Fjárveitingar 840 þús. kr. og 160 þús. kr. 79 þús. kr. fóru til greiðslu á skuld. Af hagræðisástæðum voru fjárveitingarnar sameinaðar og unninn kaflinn Lambasnasir—Hvítanes. Var fullgerður þar og tekinn til umferðar 1.1 km.

c. Kleifahlíð:

Fjárveiting 850 þús. kr. og 350 þús. kr. bráðabirgðalán, en þar af fóru 35 þús. kr. til greiðslu á skuld. Endurbyggður var og tekinn í notkun 1.9 km kafli um Kleifahlíð, svo og 0.6 km kafli hjá Ólafsdal.

d. Slitur—Mávadalsá:

Fjárveiting 450 þús. kr. 54 þús. kr. fóru til greiðslu á skuld. Endurbyggður var og tekinn til umferðar 1.0 km kafli um Seinreið að Mávadalsá.

3. **Ólafsvíkurvegur (B 37):**

a. Enni:

Fjárveiting 870 þús. kr. fór til greiðslu upp í skuld. Föst lán um næstu áramót 4.5 millj. kr.

b. Rif:

Fjárveiting 190 þús. kr. fór til greiðslu upp í skuld.

4. **Grundarfjarðarvegur (B 48):**

a. Kolgrafir — Berserkjahraun:

Fjárveiting 1.34 millj. kr. Þar af fóru 154 þús. kr. til greiðslu á skuld. Endurbyggður var og tekinn í notkun 1.3 km kafli um Kolgrafarhlíð. Einnig voru gerðar endurbætur á vegi um sanda austan Mjósunds.

5. **Vestfjarðavegur (C 1):**

a. Sunnan Þingmannaheiðar:

Fjárveiting 900 þús. kr., framkvæmdalán samkv. Vestfjarðaáætlun 1.1 milli kr., og geymt frá fyrra ári 749 þús. kr. Unnið var að undirbyggingu á 2.6 km kafla milli Kirkjubóls og Litlaness í Mjóafirði, og er það verk

langt komið. Þá var unnið að undirbyggingu á 5.0 km kafla um Þverá í Kjálkafirði. Er undirbygging þar einnig langt komin. Föst lán um næstu áramót 2.4 millj. kr.

b. Breiðadalsheiði:

Fjárveiting 1.3 millj. kr. og framkvæmdalán samkv. Vestfjarðaáætlun 5.7 millj. kr. Til greiðslu skulda fóru 1.7 millj. kr., og 1.2 millj. kr. voru lánaðar til Langárbrúar. Yfirbyggður var 2.4 km kafli neðst í Breiðadal og umbætur gerðar á öllum nýlagða veginum þar. Endurbyggður var og tekinn í notkun 1.7 km kafli norðan í Breiðadalsheiði, tengdur við gamla veginn með 0.4 km bráðabirgðavegi. Þá var haldið áfram jarðfræðirannsóknum vegna fyrirhugaðra jarðganga, gerð viðbótarborun í gegnum jarðlögin og ýtt og sprengt frá fyrirhuguðum gangamunnum. Föst lán um næstu áramót 10.2 millj. kr.

6. **Barðastrandarvegur (C 10):**

a. Brjánslækur—Þverá:

Fjárveiting 760 þús. kr. Unnið var að undirbyggingu á 2.2 km kafla frá brú á Peningsdalsá, út með Vatnsfirði. Tekinn var til umferðar 0.4 km kafli um Grenjadalsá, sem brúuð var með bogaræsi.

7. **Strandavegur (C 31):**

a. Í Bæjarhreppi:

Fjárveiting 300 þús. kr. Lagður var 0.8 km langur vegur í átt að Kolbeinsá og grafnir samtals 1.1 km af vegskurðum meðfram fyrirhugaðri veglínu.

b. Um Kálfalæk:

Fjárveiting 730 þús. kr. fór til greiðslu á skuld.

8. **Norðurlandsvegur (E 1):**

a. Í Reykjadal norðan Lauga:

Fjárveiting 400 þús. kr. Þar af fóru 100 þús. kr. til greiðslu skuldar vegna nýbyggingar á Garðsgrundum á s. l. ári. Grafnir voru skurðir með fyrirhugaðri veglínu.

b. Austan Jökulsár á Fjöllum:

Fjárveiting 400 þús. kr. Fullgerður var 1.2 km kafli við Jökulsá, einnig var mölborin þar 2.5 km kafli, sem undirbyggður var undanfarin ár.

9. **Siglufjarðarvegur (D 39):**

Fjárveiting 4.5 millj. kr. Framkvæmdalán 17.5 millj. kr. Til afborgana á lánum fóru 3.0 millj. kr.

Jarðgöng voru fóðruð og styrkt á 240 m kafla og gólf steypt í þau. Gengið var frá veginum milli jarðganganna og Hrauna í Fljótum og lokið undirbyggingu vegarins milli jarðganga og Siglufjarðar. Vegurinn var tekinn í notkun 10. nóvember. Vegna þess að fóðrun varð meiri en upprunalega var gert ráð fyrir og að steypa þurfti gólf ganganna vegna vatnsaga, varð kostnaður í ár um 4.5 millj. kr. meiri en áætlað hafði verið. Föst lán um næstu áramót verða 51 millj. kr.

10. **Ólafsfjarðarvegur (E 2):**

a. Um Ólafsfjarðarmúla:

Fjárveiting var 1.0 millj. kr. og framkvæmdalán 2.4 millj. kr. Greitt var bráðabirgðalán 1.0 millj. kr. og vextir, afborganir og lántökukostnað-

ur samtals um 1.9 millj. kr. Unnið var að hreinsun, mölburði og öðrum lagfæringum fyrir um 0.5 millj. kr.

Föst lán um næstu áramót 11.3 millj. kr.

11. **Kinnarvegur (E 20):**

a. Hjá Krossi:

Fjárveiting 500 þús. kr. Byggður var 0.4 km kafli hjá Krossi.

12. **Þingeyjarsýslubraut (E 25):**

a. Við Einarsstaði:

Fjárveiting engin, en bráðabirgðalán út á vegáætlun 1968 200 þús. kr. Byggður var 0.8 km kafli við Einarsstaði.

c. Húsavík—Syðri-Tunga:

Fjárveiting 300 þús. kr. Undirbyggður var 2.3 km kafli um nýja brú á Bakkaá.

d. Lindarbrekka—Höll:

Fjárveiting 200 þús. kr.

Unnið var að mölburði á 2.4 km kafla um Lindarbrekku. Verkinu er ekki lokið.

e. Austan Jökulsár vestan heiðar:

Fjárveiting 100 þús. kr. Lokið var mölburði á 1.9 km kafla á Valþjófsstaðabökkum.

f. Á Ytra-Hálsi:

Fjárveiting 500 þús. kr. Undirbyggður var 1.7 km kafli, og mölborinn að nokkru leyti.

g. Sunnan Þórshafnar:

Fjárveiting 100 þús. kr. Grafnir voru skurðir meðfram fyrirhuguðu vegstæði.

13. **Austurlandsvegur (F 1):**

a. Í Möðrudal:

Fjárveiting 1.8 millj. kr. Undirbyggður var og mölborinn að nokkru leyti 7 km kafli frá Lindará að Þrívörðuhálsi og mölborinn 6 km kafli austan Möðrudals, sem undirbyggður var 1964—1966.

b. Á Jökuldal:

Fjárveiting 700 þús. kr. Fullgerður var 2.4 km kafli um Hjarðarhaga.

c. Um Hróarstungu:

Fjárveiting 1.0 millj. kr. Unnið var við skurðgröft og lagfæringu og mölburð á 4.5 km kafla austan Jökulsár á Dal.

d. Í Skriðdal:

Fjárveiting 400 þús. kr. Fullgerður var 1.7 km kafli hjá Hallbjarnarstöðum.

e. Á Breiðdalsheiði:

Fjárveiting 1.0 millj. kr. Undirbyggður var 2.6 km kafli austan í heiðinni, niður undir Breiðdalsá.

g. Streitishvarf—Lónsheiði:

Fjárveiting 850 þús. kr. Fullgerður var 1.4 km kafli á Búlandsnesi og 0.6 km kafli hjá Lindarbrekku.

i. Geithellnahr.—Bæjarhr.:

Fjárveiting 500 þús. kr. Fullgerður var 1.8 km kafli við Reyðará.

14. **Stranda- og Jökulsárhlíðarvegur** (F 2):

a. Á Hellisheiði:

Fjárveiting 300 þús. kr. Var notuð til þess að lagfæra og mölbera veginn norðan í og á háheiðinni.

b. Í Jökulsárhlíð:

Fjárveiting 410 þús. kr. Fullgerður var 1.3 km kafli í Hrafnabjargaásum.

15. **Norðfjarðarvegur** (F 31):

a. Um Fagradal:

Fjárveiting 500 þús. kr. Lokið var við 0.8 km kafla, sem byrjað var á 1966, og fullgerður var 0.4 km kafli um Vallár.

16. **Suðurfjarðavegur** (F 39):

a. Um Vattarnes:

Framkvæmdalán 3.7 millj. kr. Til afborgana af lánum fóru 596 þús. kr. Unnið var að undirbyggingu Vattarnesvegar og undirbyggðir 5.2 km. Mölborinn var að mestu 1.0 km.

Föst lán um næstu áramót 6.5 millj. kr.

b. Í Stöðvarfirði:

Fjárveiting 340 þús. kr. Lokið var við 0.7 km kafla, sem byrjað var á 1966, og fullgerður var 0.4 km kafli um Vallár.

17. **Suðurlandsvegur** (G 1):

b. Brekkuholt—Efri-Rauðilækur:

Fjárveiting 1.38 millj. kr. Fullgerður var og tekinn til umferðar 2.2 km kafli um Rauðalæk.

d. Efri-Rauðilækur—Lyngás:

Engin fjárveiting, en endurgreidd var fjárveiting síðasta árs, 550 þús. kr., sem þá var lánuð til endurbyggingar brúar á Seljalandsá. Endurbyggður var 1.0 km kafli.

18. **Biskupstungnabraut** (G 11):

b. Kafli um Brúará:

Fjárveiting engin, en geymdar frá fyrra ári 650 þús. kr. Voru notaðar til vegagerðar við nýja brú á Brúará hjá Spóastöðum.

19. **Þingvallabraut** (G 3):

a. Valhöll—Leirugjá:

Fjárveiting 420 þús. kr. Fór til endurbyggingar á þessum kafla, sem nú telst fullgerður.

b. Kafli um Vatnsvik og Klifið:

Fjárveiting 200 þús. kr. Fór til lagfæringa á veginum á þessum kafla.

Veginum um Almannagjá var lokað fyrir umferð 1. nóv. samkv. ákvörðun Þingvallanefndar.

### 3. Til landsbrauta.

(Töluliðir samkv. vegáætlun 1965—1968).

2. **Grindavíkurvegur** (A 5):

a. Grindavík—Staður:

Fjárveiting 350 þús. kr. Var flutt til og notuð til endurbyggingar á 800 m vegkafla um Gíghæð. Sá kafli var fullgerður fyrir fjárveitinguna.

3. **Kjósarskarðsvegur (A 24):**

a. Hjalli—Eyjatjörn—Laxá:

Fjárveiting 150 þús. kr. Var notuð til að grafa skurði og undirbúa vegagerð á kaflanum Eyjatjörn—Laxá.

4. **Dragavegur (B 2):**

Fjárveiting 300 þús. kr. og geymdar frá fyrra ári 119 þús. kr. Fullgerður var og tekinn í notkun 1.4 km kafli um Kornahlíð að nokkru undirbyggður 1966.

6. **Skorradalsvegur (B 9):**

a. Merkigil—Háafell:

Fjárveiting 270 þús. kr. Þar af fóru 83 þús. kr. til greiðslu á skuld. Byggður var og tekinn í notkun 0.8 km kafli um tún á Háafelli.

7. **Lundarreykjadalsvegur (B 12):**

Geymdar frá fyrra ári 102 þús. kr. Endurbyggður var 0.3 km kafli hjá Múlakoti. Einnig var lagfærður vegur að kirkju að Lundi.

8. **Flókadalsvegur (B 14):**

Fjárveiting 174 þús. kr. Þar af fóru til greiðslu á skuld 102 þús. kr. Tenging Flókadalsvegar við Borgarfjarðarbraut hjá Varmalæk var fullgerð. Þá var mölborinn 0.4 km kafli milli Múlastaða og Brúsholts og ný brú á Flóku tengd til umferðar.

10. **Hálsasveitarvegur (B 17):**

Fjárveiting 300 þús. kr. og bráðabirgðalán út á vegáætlun 1968 300 þús. kr. 213 þús. kr. fóru til greiðslu á skuld. Fullgerður var og tekinn í notkun 3.4 km kafli frá Ásgili að Hringsgili, að nokkru undirbyggður 1966.

12. **Norðurárdalsvegur (B 22):**

a. Frá Hárekssstöðum:

Fjárveiting 400 þús. kr. og geymdar frá fyrra ári 14 þús. kr. Undirbyggður var 1.2 km kafli milli Varmalands og Einifells (vegskurðir grafnir 1966) og 0.6 km þar af mölbornir. Greiddar voru að fullu landbætur og girðingar á Hárekssstöðum og að nokkru girðingar á Hóli. Einnig voru grafnir vegskurðir um tún á Glitstöðum og byggt þar ristarhlið.

16. **Hraunhreppsvegur (B 30):**

a. Um Akra:

Fjárveiting 600 þús. kr. Þar af fóru 285 þús. kr. til greiðslu skulda. Unnið var að undirbyggingu á um 3 km kafla sunnan Akraóss.

17. **Heydalsvegur (B 34):**

Engin fjárveiting var til vegarins á árinu, en geymslufé og eftirstöðvar frá síðasta ári voru 415 þús. kr. og framkvæmdalán 200 þús. kr. Þar af fór til greiðslu skulda 301 þús. kr. Grafnir voru 2.4 km af vegskurðum og unnið að undirbyggingu á 0.8 km kafla á Heydal. Föst lán um næstu áramót 1.1 millj. kr.

22. **Útnesvegur (B 41):**

a. Hellnahraun—Stapafell:

Fjáveiting 710 þús. kr. og bráðabirgðalán út á vegáætlun 1968 270 þús. kr. Til greiðslu á skuld fóru 62 þús. kr. Endurbyggður var 0.9 km kafli um Hellnahraun og 2.4 km kafli um Stapafell. Þá voru og gerðar endurbætur á veginum um Hnausahraun.

23. **Framsveitarvegur (B 43):**

Fjárveiting 150 þús. kr. og geymdar frá fyrra ári 18 þús. kr. Fullgerður var og tekinn í notkun 0.9 km kafli að Bár og 0.3 km áleiðis að Þórdísarstöðum.

24. **Skógarstrandarvegur (B 46):**

a. Skógarströnd:

Fjárveiting 340 þús. kr. fór til greiðslu skulda.

26. **Hörðudalsvegur (B 48):**

Fjárveiting 100 þús. kr. og bráðabirgðalán út á vegáætlun 1968 100 þús. kr. Til greiðslu skulda fóru 81 þús. kr. Lokið var við 0.3 km kafla um Hrafnabjörg, grafnir vegskurðir á veginum að Vífilsdal, skurðruðningum jafnað út og vegur ruddur áleiðis að bænum.

27. **Hálsabæjarvegur (B 49):**

Fjárveiting 100 þús. kr. og geymdar frá fyrra ári 16 þús. kr. Byggð voru ræsi á Síki hjá Bæ og hjá Skörðum og vegkaflar um þau. Gerðar voru endurbætur á vegi um Hamraendagil.

29. **Haukadalsvegur (B 51):**

Fjárveiting 150 þús. kr. og bráðabirgðalán 100 þús. kr. út á vegáætlun 1968. Endurbyggður var 0.6 km kafli um Vatn og byggð 7 vegræsi innan Haukadalsvatns.

30. **Laxárdalsvegur (B 52):**

a. Laxárdalur:

Fjárveiting 150 þús. kr. fór til greiðslu skulda.

b. Norðan Laxár:

Fjárveiting 150 þús. kr. fór til greiðslu skulda.

31. **Klofningsvegur (B 53):**

Fjárveiting 800 þús. kr. fór til greiðslu skulda. Bráðabirgðalán 400 þús. kr. út á vegáætlun 1968. Grafnir voru 5.5 km af vegskurðum milli Rauðbarðaholts og Valþúfu og ræsi endurbyggð á þeirri leið. Þá var vegurinn endurbyggður á 0.5 km kafla um Rauðbarðaholt.

34. **Staðarhólsvegur (B 56):**

Fjárveiting 100 þús. kr. Mölborinn var 0.6 km kafli að Hvammsdal, undirbyggður 1963 og gerðar endurbætur á veginum frá vegamótum Klofningsvegar að Staðarhóli.

35. **Sælingsdalsvegur (B 57):**

Engin fjárveiting var til vegarins á þessu ári, en unnið var fyrir 100 þús. kr. bráðabirgðalán út á vegáætlun 1968. Grafnir voru vegskurðir og vegur undirbyggður að mestu á 1.5 km kafla.

40. **Örlygshafnarvegur (C 13):**

a. Í Skershlíð:

Fjárveiting 60 þús. kr. og bráðabirgðalán 400 þús. kr. Endurbyggður var og lagfærður 4 km kafli á Hafnarfjalli og 0.3 km kafli í Látradal. Föst lán um næstu áramót 500 þús. kr.

41. **Kollsvíkurvegur** (C 14):

Engin fjárveiting var til vegarins, en unnið var fyrir 50 þús. kr. framlag úr héraði. Vegur upp á Hænuvíkurbjarg var endurbyggður og lagfærður á tveggja km kafla.

42. **Bíldudalsvegur** (C 15):

a. Tálknafjörður—Bíldudalur:

Fjárveiting 600 þús. kr. fór til greiðslu upp í skuld.

b. Trostansfjörður á Vestfjarðaveg:

Fjárveiting 650 þús. kr. og geymslufé 920 þús. kr. Til greiðslu skulda fóru 1.4 millj. kr. Unnið var að breikkun vegar milli Trostansfjarðar og Reykjafjarðar. Föst lán um næstu áramót 3.4 millj. kr.

44. **Svalvogavegur** (C 19):

a. Um og út fyrir Hafnarófæru:

Fjárveiting 300 þús. kr. og geymslufé 250 þús. kr. Lagfæring var gerð á veginum um Eyrarhlíð, Keldudal og Hraunsbakka og ruðningsvegur þaðan lengdur um 0.6 km í átt að Hafnarófæru. Framkvæmdum frestað fyrir 350 þús. kr.

45. **Ingjaldssandsvegur** (C 21):

a. Um Núp að Alviðru:

Fjárveiting 145 þús. kr. og geymslufé 157 þús. kr. Lokið var við 0.6 km kafla milli Núps og Alviðru, sem undirbyggður var 1966. Lagður var 0.2 km vegur að Núpsskóla, og unnið er að endurbyggingu á 0.5 kafla um Mýrar, en verkinu er ekki lokið.

b. Um Sandheiði:

Fjárveiting 125 þús. kr. Unnið var að undirbyggingu á 0.4 km vegkafla í Gerðhamradal, en verkinu var ekki lokið.

47. **Súgandafjarðarvegur** (C 25):

a. Um Botnsdal á Botnsheiði:

Fjárveiting 400 þús. kr. og geymdar frá fyrra ári 370 þús. kr. Endurbyggður var og tekinn í notkun 0.7 km kafli að Vestfjarðavegi á Breiðadalsheiði.

48. **Bolungarvíkurvegur** (C 27):

Fjárveiting 500 þús. kr., framkvæmdalán samkv. Vestfjarðaáætlun 2.0 millj. kr. og geymslufé 1.73 millj. kr. Lánað var til Hólsárbrúar 1.2 millj. kr. Unnið er að breikkun vegarins með sprengingum á 1 km kafla, en verkinu er ekki lokið. Einnig verður væntanlega bætt við stalli ofan vegar til að taka við hruni. Föst lán um næstu áramót 4.1 millj. kr.

49. **Djúpvegur** (C 29):

Að flugvelli:

Geymt frá fyrra ári 280 þús. kr. og framkvæmdalán samkv. Vestfjarðaáætlun 800 þús. kr. Fullgerður var 0.6 km kafli um Hafrafell og í botni Skutulsfjarðar. Einnig var unnið að 1.0 km kafla utan Langár að flugvelli.

a. Hatteyri—Eyri, b. Ögur—Hjallar:

Fjárveiting 1.2 millj. kr. Til greiðslu á skuld fóru 253 þús. kr. Ruddur var 11 km bráðabirgðavegur frá Eyri í Seyðisfirði um Kleifar og Eiði að Hesti í Hestfirði. Einnig voru grafnir vegskurðir frá Vígðuá út á Kambanes og unnið að undirbyggingu á 2 km kafla inn með Seyðisfirði að Eyri. Um Skarð í Skötufirði var lokið við þrjá kafla, samtals 4 km, og 0.3 km kafli áleiðis að Hjöllum undirbyggður. Föst lán um næstu áramót 2.8 millj. kr.

50. **Vatnsfjarðarvegur** (C 30):

a. Í Mjóafirði og b. Í Ísafirði og Reykjafirði:

Fjárveiting 400 þús. kr., þar af fóru 285 þús. kr. til greiðslu á skuld. Byggt var 3 m ræsi á Skeiðisá og varnargarður og fylling við ræsið.

51. **Snæfjallastrandarvegur** (C 34):

a. Mórilla—Lónseyri:

Fjárveiting 265 þús. kr. 123 þús. kr. fóru til greiðslu á skuld. Undirbyggður var 0.9 km kafli norðan brúar á Mórillu, ræsi byggt á Randarlæk og sáð í flög meðfram vegi í Kaldalóni.

52. **Strandavegur** (C 37):

Fjárveiting samkv liðum b—e í vegáætlun 1967—1968 samtals 1355 þús. kr. Þar af fóru til greiðslu skulda 621 þús. kr. Endurbyggður var með sprengingum 1 km hættulegur kafli um Veiðileysukleif. Um og utan brúar á Reykjafjarðará var lagður 1.0 km vegkafli. Lagfærður var ruðningsvegur frá Eyri í Ingólfsfirði inn í fjarðarbotn.

58. **Borgarvegur** (D 10):

a. Frá Síðu að Bjargshúsum:

Fjárveiting engin, en bráðabirgðalán út á vegáætlun 1968 70 þús. kr. Unnið var að undirbyggingu.

59. **Víðidalsvegur** (D 11):

a. Frá Ásgeirsá að Norðurlandsvegi:

Fjárveiting 780 þús. kr. Lokið var byggingu 2.1 km kafla frá Norðurlandsvegi.

62. **Reykjabraut** (D 15):

a. Frá Beinakeldu að Reykjum:

Fjárveiting 550 þús. kr. Grafnir voru skurðir með fyrirhugaðri veglínu og undirbyggt að nokkru á 0.5 km kafla.

63. **Svínvetningabraut** (D 18):

a. Frá Sauðanesi að Ytri—Löngumýri:

Fjárveiting 335 þús. kr. Unnið var að skurðgreftri og lagfæringum á snjóþungum köflum.

66. **Skagavegur** (D 23):

a. Í Gönguskörðum:

Fjárveiting 735 þús. kr. og geymt fé frá 1965 100 þús. kr. Undirbyggður var og mölborinn að mestu 1.2 km kafli um nýja brú á Kallá.

69. **Reykjastrandarvegur** (D 27):

a. Fagranesskriður:

Fjárveiting 215 þús. kr. Byggður var 0.6 km kafli.

71. **Skagafjarðarvegur** (D 30):

a. Við Víðimel:

Fjárveiting 230 þús. kr. Byggður var 0.7 km kafli frá Norðurlandsvegi.

74. **Sléttuhlíðarvegur** (D 50):

Fjárveiting 77 þús. kr. Framkvæmdum var frestað til næsta árs.

75. **Að Félagsheimili Varmahlíð (E 1—9):**
Fjárveiting 1966 268 þús. kr., en framkvæmdum var þá frestað. Unnið var að undirbyggingu á öllum veginum, sem er 300—400 m langur.

76. **Ólafsfjarðarvegur eystri (E 3):**
a. Hóll—Vatnsendi:
Fjárveiting 100 þús. kr. Unnið var að skurðgreftri.

82. **Hörgárdalsvegur (E 9):**
a. Möðruvallam.—Dunhagi:
Fjárveiting 350 þús. kr. Byggður var 0.8 km kafli.
b. Sunnan Þríhyrnings:
Fjárveiting 80 þús. kr. Eitt ræsi var endurbyggt.

83. **Dagverðareyrarvegur (E 11):**
a. Að útvarpsstöð:
Fjárveiting 410 þús. kr. Framkvæmdum frestað til næsta árs.

84. **Blómsturvallavegur (E 12):**
a. Að Blómsturvöllum:
Fjárveiting 150 þús. kr. Fullgerður var 1.5 km kafli að Blómsturvöllum.

85. **Eyjafjarðarbraut (E 13):**
a. Við Rifkelsstaði:
Fjárveiting 100 þús. kr. Lokið var byggingu 0.7 km kafla við Klauf.

86. **Svalbarðsstrandarvegur (E 16):**
a. Dálksstaðir—Sveinbjarnargerði:
Fjárveiting 450 þús. kr. Til greiðslu skulda fóru 150 þús. kr. Greiddar voru bætur fyrir skóglendi í fyrirhugaðri veglínu og grafnir vegskurðir.

87. **Fnjóskadalsvegur vestri (E 17):**
a. Hjá Draflastöðum:
Fjárveiting 375 þús. kr. fór til greiðslu skuldar.

90. **Út-Kinnarvegur (E 22):**
a. Norðan Ófeigsstaða:
Fjárveiting 247 þús. kr. Undirbyggur var 1.5 km kafli sunnan Skálaár.

97. **Austurhlíðarvegur (E 32):**
a. Við Laugaskóla:
Fjárveiting 1965 100 þús. kr. Framkvæmdum þá frestað. Fjárveitingin nú notuð við Stóru-Laugar, sbr. lið b.
b. Norðan Öndólfsstaða:
Fjárveiting 110 þús. kr. Auk þess var unnið fyrir lið a. 100 þús. kr. Unnið var við lagfæringar og undirbyggingu á samtals 0.5 km kafla norðan Öndólfsstaða og við Stóru-Laugar.

101. **Uppsveitarvegur (E 38):**
a. Heiðavellir—Tóveggur:
Fjárveiting 100 þús. kr. Kaflinn var allur mölborinn.

102. **Hólsfjallavegur** (E 39):

a. Jökulsá—Beitivallamór:

Fjárveiting 540 þús. kr. Undirbyggðir voru 0.5 km. 2.0 km voru mölbornir, undirbyggðir 1966.

110. **Vopnafjarðarvegir** (F2—F9):

Fjárveiting 600 þús. kr. og bráðabirgðalán út á vegáætlun 1968 150 þús. kr. Fullgerður var 1.4 km kafli á Ytri-Hlíðarvegi og 0.9 km kafli á Stranda- og Jökulsárhlíðavegi hjá Krossavík.

113. **Jökuldalsvegur eystri** (F 13):

Fjárveiting 300 þús. kr. Til greiðslu skuldar fóru 100 þús. kr. Fullgerður var 0.4 km kafli við Valabjörg.

114. **Hróarstunguvegir** (F 14—F 17):

Fjárveiting 600 þús. kr. Til greiðslu skuldar fóru 150 þús. kr. Sprengt var og vegur lagfærður við Urriðavatn, og mölborinn 2.5 km kafli utan við það. Byggð voru tvö ristarhlið milli Skógargerðis og Urriðavatns.

115. **Fellsvegur efri** (F 18):

Fjárveiting 80 þús. kr. Fullgerður var 0.5 km kafli og lagfærður og mölborinn 0.3 km kafli neðan við Fjallssel.

116. **Uppphéraðsvegur** (F 19):

Fjárveiting 300 þús. kr. Fór til greiðslu skulda.

118. **Fjarðarheiðarvegur** (F 22):

Fjárveiting 350 þús. kr. Byggð voru sex ræsi í vestanverðri Fjarðarheiði, og fullgerðir kaflar um þau, alls 1.3 km.

120. **Úthéraðs- og Borgarfjarðarvegur** (F 25):

Fjárveiting 200 þús. kr. Fór til lagfæringa og mölburðar við Mýnes.

121. **Hjaltastaðaþinghárvegir** (F 15, F 26—F 28):

Fjárveiting 103 þús. kr. Undirbyggður var og mölborinn að nokkru leyti 0.8 km kafli utan við Dratthalastaði.

123. **Viðfjarðarvegur** (F 33):

Fjárveiting 150 þús. kr. Lagfært var og mölborið á Mjóafjarðarheiði og í Mjóafirði, en framkvæmdum varð ekki lokið.

124. **Viðfjarðarvegur** (F 33):

Fjárveiting 250 þús. kr. Byggð voru sex ræsi milli Högnastaða og Helgustaða og vegurinn lagfærður um þau.

126. **Breiðdalsvegur syðri** (F 44):

Fjárveiting 350 þús. kr. Byggð voru 20 ræsi og fullgerðir kaflar um þau, alls 1.5 km.

127. **Axarvegur** (F 45):

Fjárveiting 100 þús. kr. Fór til að mölbera og lagfæra ruðningsveg um Öxi.

128. **Djúpavogsvegur** (F 46):

Fjárveiting 400 þús. kr. Fullgerður var 1.1 km, sem er allur vegurinn.

129. **Austurlandsvegur í Skaftafellssýslu (F 1):**

a. Austan Jökulsár á Breiðamerkursandi:
Fjárveiting 420 þús. kr. Fullgerður 0.5 km kafli um Tröllaskörð.

b. Vestan Jökulsár á Breiðamerkursandi:
Fjárveiting 400 þús. kr. Fullgerður var 0.5 km kafli um Fagurhólsmýri.

130. **Suðurlandsvegur (G 1):**

a. Skaftáreldahraun—Hraunbr.—Djúpibr. og b. Skaftáreldahraun—Dyngjur:
Fjárveitingar 820 þús. kr. og 400 þús. kr. voru sameinaðar. 304 þús. kr. fóru til greiðslu á skuld. Undirbyggðir voru 2.8 km í Skaftáreldahrauni, og er þá lokið undirbyggingu vegarins.

133. **Geysisvegur (G 20):**

a. Stakksá—Neðridalur:
Fjárveiting 430 þús. kr. fór til greiðslu skulda.

b. Tungufljót—Kjóastaðir:
Fjárveiting 370 þús. kr. fór til greiðslu skulda.

136. **Urriðafossvegur (G 46):**

a. Egilsstaðir—Suðurlandsvegur:
Fjárveiting 200 þús. kr. Byggð voru fjögur vegræsi og kaflar um þau, alls um 2 km.

137. **Gaulverjabæjarvegur (G 41):**

Fjárveiting 150 þús. kr. Framkvæmdum var frestað til næsta árs.

140. **Rangárvallavegur (G 55):**

a. Keldur—Reyðarvatn:
Fjárveiting 125 þús. kr. og geymt frá fyrra ári 238 þús. kr. Undirbyggður var 2.8 km kafli og 4.7 km yfirbyggðir.

141. **Þingskálavegur (G 56):**

a. Um tún á Heiði:
Fjárveiting 280 þús. kr. Fullgerður var 0.6 km kafli.

142. **Fljótshlíðarvegur (G 60):**

a. Deild—Þverá:
Fjárveiting 100 þús. kr. Framkvæmdum frestað til næsta árs.

143. **Út-Landeyjavegur (G 62):**

a. Þúfuvegur—Ytri-Hóll II og b. Ytri-Hóll II—Ártún:
Fjárveiting 107 þús. kr. og 395 þús. kr. voru sameinaðar. Fullgerður var 5.0 km kafli.

144. **Álftaversvegur (G 83):**

a. Herjólfsstaðir—Hraunbær:
Fjárveiting 200 þús. kr. Fullgerður var 2.0 km kafli.

### 4. Til girðinga og uppgræðslu með vegum.

Fjárveiting var 3 176 þús. kr. Var henni skipt þannig að 1.900 þús. kr. voru ætlaðar í uppgræðslu, en 1 276 þús. kr. til girðinga.

1. **Uppgræðsla.** Keypt var sérstök sáningarvél frá Danmörku, sem kostaði um 500 þús. kr. Vél þessi er höfð á vörubílspalli, og í hana er sett blanda af áburði

og fræi. Á vélinni er 15 m langur armur með áfastri pípu. Um hana dælir vélin síðan áburðar- og fræblöndunni. Með því að beina arminum upp á við má með þessu móti sá allt að 19 m út fyrir vegbrún. Með þessari vél er því hægt að sá í land, sem ógerlegt er að sá í með venjulegum áburðardreifurum.

Unnið var með vél þessari í röska tvo mánuði á Norðurlandi, og gafst hún mjög vel. Sáð var í Skagafjarðar- Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslur með vélinni. Einnig var með venjulegum tækjum sáð talsvert í vegkanta og ýtuflög á Austur-, Vestur- og Suðurlandi.

Alls var keyptur áburður og fræ í sem svarar 400 h. Sökum þess hve seint voraði víða um land, tókst ekki að sá öllu því efni, sem keypt var, en sáð var alls í um 350 ha.

2. **Girðingar.** Til þess að mæta lögmætum kröfum um girðingar samkv. girðingalögum var varið alls 1 276 þús. kr., og dreifist sú fjárveiting um alla landshluta. Með þessari fjárveitingu var þó aðeins unnt að sinna litlum hluta af margra ára gömlum lögmætum kröfum.

## IV. TIL FJALLVEGA, REIÐVEGA OG FERJUHALDS

### 1. Til aðalfjallvega:

1. **Kaldadalsvegur:**

Fjárveiting 200 þús. kr. Rudd var ný leið á rúmlega 3 km kafla ofan Brunna. Að öðru leiti var fjárveitingunni varið til vanalegs viðhalds.

2. **Kjalvegur:**

Fjárveiting 250 þús. kr., og var henni eingöngu varið til venjulegs viðhalds á veginum.

3. **Sprengisandsleið:**

Fjárveiting 350 þús. kr. og 200 þús. kr. geymt frá fyrra ári. Ferðafélagi Íslands var veittur 350 þús. kr. styrkur til byggingar sæluhúss við Fjórðungskvísl. Að öðru leyti var fjárveitingunni varið til vanalegs viðhalds.

4. **Fjallabaksvegur nyrðri:**

Fjárveitingu 200 þús. kr. var varið til venjulegs viðhalds á veginum.

### 2. Til annarra fjallvega.

Fjárveiting var 1 millj. kr. Fé þessu var skipt, eins og hér greinir:

| | Heiti vegar: | Kjördæmi: | Upph. í þús. kr. | |
|---|---|---|---|---|
| 2. 1. | Vegur um Svínaskarð í Kjós | Reykjanes | 10 | |
| 2. 2. | Vegur að skíðaskála í Jósefsdal | — | 40 | |
| | | | —— | 50 |
| 2. 3. | Vegur um Arnarvatnsheiði | Vesturlands | 20 | |
| 2. 4. | Vegur að Langavatni á Mýrum | — | 20 | |
| 2. 5. | Vegur að Hítarvatni | — | 20 | |
| 2. 6. | Vegur í Hvammsdal í Dalasýslu | — | 20 | |
| | | | —— | 80 |
| 2. 7. | Vegur um Kollafjarðarheiði | Vestfjarða | 40 | |
| 2. 8. | Vegur um Vatnsdal, A-Barð. | — | 10 | |
| 2. 9. | Vegur að Keflavík, V-Barð. | — | 40 | |
| 2.10. | Vegur í Nesdal, V-Ísafj. | — | 10 | |
| 2.11. | Vegur um Laxárdalsheiði, Strandas. | — | 20 | |
| 2.12. | Vegur um Trékyllisheiði | — | 20 | |
| | | | —— | 140 |

| | Heiti vegar: | Kjördæmi: | Upph. í þús. kr. | |
|---|---|---|---|---|
| 2.13. | Vegur um Eyvindarstaðaheiði | Norðurl. vestra | 20 | |
| 2.14. | Vegur um Grímstunguheiði | — | 30 | |
| 2.15. | Vegur um Víðidalstunguheiði | — | 30 | |
| 2.16. | Vegur um Þorljótsstaðafjall | — | 20 | |
| | | | —— | 100 |
| 2.17. | Vegur að skíðaskála í Hlíðarfj. | Norðurl. eystra | 10 | |
| 2.18. | Vegur í Öskju | — | 30 | |
| 2.19. | Vegur að Dettifossi að vestan | — | 40 | |
| 2.20. | Ýmsir fjallvegir í S-Þing. | — | 30 | |
| 2.21. | Ýmsir fjallvegir í N-Þing. | — | 30 | |
| | | | —— | 140 |
| 2.22. | Brúarvegur á Jökuldal | Austurlands | 20 | |
| 2.23. | Vegur á Miðfjarðarheiði | — | 25 | |
| 2.24. | Vegur á Smjörvatnsheiði | — | 15 | |
| 2.25. | Vegur á afrétt í Breiðdal | — | 10 | |
| 2.26. | Vegur að Breiðuvík í Borgarf. eystra | — | 15 | |
| 2.27. | Vegur um Fljótsdalsheiði | — | 25 | |
| 2.28. | Vegur á afrétt í Geithellnahr. | — | 20 | |
| 2.29. | Vegur um Kollumúla | — | 170 | |
| | | | —— | 300 |
| 2.30 | Fjallabaksvegur syðri | Suðurlands | 10 | |
| 2.31. | Vegur að afrétt við Eyjafjallajökul | — | 10 | |
| 2.32. | Vegur að afrétti í Þjórsárdal | — | 15 | |
| 2.33. | Vegur að Laka | — | 30 | |
| 2.34. | Vegur að skíðaskála á Tindfjallajökli | — | 15 | |
| 2.35. | Vegur að skíðaskála á Fimmvörðuhálsi | — | 10 | |
| 2.36. | Hlöðuvallavegur | — | 30 | |
| 2.37. | Vegur að afrétti Flóa og Skeiða | — | 20 | |
| 2.38. | Vegur að Heklu | — | 10 | |
| | | | —— | 150 |
| 2.39 | Ferðafélag Akureyrar | — | 10 | |
| 2.40 | Ferðafélag Íslands | — | 15 | |
| 2.41. | Ófyrirséð | — | 15 | |
| | | | —— | 40 |
| | | | Alls | 1000 |

### 3. Til reiðvega:

Fjárveiting var 200 þús. kr. og skipti Landssamband hestamanna þeirri upphæð til hestamannafélaga á eftirtöldum stöðum:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Reykjavík | 30 | þús. kr. |
| 2. | Kjósarsýsla | 20 | — — |
| 3. | Borgarnes | 15 | — — |
| 4. | Akureyri | 10 | — — |
| 5. | Húsavík | 15 | — — |
| 6. | Rangárvellir | 10 | — — |
| 7. | Hreppar | 10 | — — |
| 8. | Biskupstungur vegna brúar á Brúará | 70 | — — |
| 9. | Selfoss | 20 | — — |
| | Alls | 200 | þús. kr. |

### 4. Til ferjuhalds.

Fjárveiting var 10 þús. kr., og var henni varið til kostnaðar við lögferju, en reikningsskil liggja enn ekki fyrir.

## V. TIL BRÚARGERÐA

### 1. Til stórbrúa.

1. **Brú á Jökulsá á Breiðamerkursandi (F 1):**

   Fjárveiting var 10 400 þús. kr. Byrjað var á framkvæmdum, þar sem frá var horfið haustið 1966. Var fyrst steyptur turn að vestan og yfirbygging brúarinnar sett upp. Þeim framkvæmdum var lokið seint í ágústmánuði, og var brúin vígð og formlega opnuð fyrir umferð 2. sept.

2. **Brúará hjá Spóastöðum (G 11):**

   Fjárveiting var 4 900 þús. kr. Byggð var 50 m löng brú í tveimur höfum. Eru burðarbitar brúarinnar úr stáli, en gólf steypt. Brú þessi var tekin í notkun í byrjun desember.

3. **Brú á Fnjóská hjá Hrísgerði (E 1):**

   Fjárveiting var 11 800 þús. kr. Byggðir voru stöplar fyrir 96 m langa brú í 3 höfum og gengið frá vegi beggja vegna að mestu. Brú þessi verður með 7.0 m breiðri akbraut og verða burðarbitar úr stáli, en gólf steypt. Verður lokið við yfirbyggingu brúarinnar á næsta ári.

4. **Brú á Eldvatn hjá Ásum (G 1):**

   Fjárveiting var 3 000 þús. kr. Byggð var ný brú 64 m löng í 4 höfum í stað brúar þeirrar, er hrundi á s. l. vetri, svo sem rakið var í greinargerð með tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á vegáætlun. Var brúin lengd um 10 m, og var hægt að nota stöpla vestan árinnar. Brú þessi er með stálbitum og timburgólfi, og var smíði hennar lokið í ágústmánuði.

5. **Jökulsá á Sólheimasandi (G 1):**

   Fjárveiting var 12 000 þús. kr. Byggð var 159 m löng stálbitabrú í 5 höfum og með steyptu gólfi. Var nýja brúin byggð skammt neðan við gömlu brúna. Brúin var formlega opnuð fyrir umferð hinn 28. október.

### 2. Til brúa 10 m og lengri.

1. **Brú á Flókadalsá hjá Brúsholti (B 14):**

   Fjárveiting var 805 þús. kr. í vegáætlun í ár, en 125 þús. kr. í vegáætlun 1966. Byggð var 30 m löng stálbitabrú í 2 höfum og með timburgólfi. Var brúin tekin í notkun á miðju sumri.

2. **Brú á Dýrastaðaá í Borgarfirði (E 1):**

   Fjárveiting var 1 400 þús. kr. Byggð var 12 m löng steypt brú með 7.0 m. breiðri akbraut. Brúin var tekin í notkun s. l. haust.

3. **Reykjafjarðará í Strandasýslu (C 37):**

   Fjárveiting var 1 165 þús. í vegáætlun í ár, en að auki 200 þús. kr. fjárveiting samkv. fjárlögum 1959. Byggð var 20 m löng stálbitabrú með stálbitum og timburgólfi. Brúin var tekin í notkun s. l. haust.

4. **Brú á Kjósará í Strandasýslu (C 37):**

Fjárveiting var 870 þús. kr. Byggð var 14 m löng steypt bitabrú. Brúin var tekin í notkun s. l. haust.

5. **Brú á Svartá hjá Fossum (sýsluvegur):**

Fjárveiting var 1 340 þús. kr., en áætlaður kostnaður 1 825 þús. kr. Var sýslusjóði A-Húnavatnssýslu heimilað að leggja fram 500 þús. kr. lán til a. m. k. tveggja ára, svo að unnt væri að byggja brúna. Byggð var 27 m löng stálbitabrú með timburgólfi. Var brúin tekin í notkun seint s. l. haust.

6. **Brú á Norðurdalsá hjá Tóarseli (sýsluvegur):**

Fjárveiting var 1 730 þús. kr. Byggð var 40 m löng stálbitabrú í 3 höfum og með timburgólfi. Brúin var tekin í notkun s. l. haust.

7. **Brú á Holtsá undir Eyjafjöllum (G 1):**

Fjárveiting var 2 400 þús. kr. Brú þessi var byggð árið 1966 fyrir geymslufé Brúarárbrúar hjá Spóastöðum, sbr. skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1966.

8. **Brú á Rauðalæk í Rangárvallasýslu (G 1):**

Fjárveiting var 1 740 þús. kr. Byggð var 16 m löng steypt plötubrú í 2 höfum með 7.0 m breiðri akbraut. Brúin var tekin í notkun seint s. l. haust.

9. **Brýr á Gljúfurholtsá og Bakkarholtsá í Ölfusi (G 1):**

Fjárveiting var 2 000 þús. kr. til þessara brúa í vegáætlun í ár og sama upphæð í vegáætlun 1968. Byggðar voru 12 m langar steyptar bitabrýr með 7.0 m breiðri akbraut á hvora ána. Voru brýrnar teknar í notkun s. l. haust.

Brýr þær, er fyrir voru, voru 41 árs gamlar, og þótti óhjákvæmilegt að endurbyggja þær báðar á þessu ári vegna flutninga á þungum vélahlutum að Búrfellsvirkjun. Hefur Landsvirkjun aðstoðað við greiðslu á helmingi þessa kostnaðar til næsta árs.

### 3. Til smábrúa.

Fjárveiting til smábrúa var 6.2 millj. kr., og var henni varið til byggingar eftirtalinna brúa:

| | Heiti | Vegur | Lengd brúar m | Áætl. kostn. 1000 kr. | Kostn. vegasj. 1000 kr. | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Suðurá á Álftatunguvegi .. | B 26—3 | 5 | 240 | 240 | |
| 2. | Brú í Brokey á Breiðaf. .... | Einkav. | 4 | 200 | 100 | Byggð 1966 |
| 3. | Miðhúsalækur á Snæf. ..... | Sýsluv. | 5 | 180 | 45 | |
| 4. | Fanngil ................. | B 51 | 5 | 200 | 200 | Byggð 1966 |
| 5. | Tindagil ................. | Sýsluv. | 4 | 200 | 50 | — — |
| 6. | Saurstaðagil ............. | — | 8 | 160 | 40 | — — |
| 7. | Breiðabólsá í Skálavík .... | — | 4 | 80 | 20 | |
| 8. | Hörgshlíðará ............ | C 30 | 5 | 95 | 95 | |
| 9. | Karlmannaá ............. | C 30 | 6 | 105 | 105 | |
| 10. | Smábrýr í Árneshreppi .... | C 37 | 5—6 | 225 | 225 | 3 trébrýr |
| 11. | Staðará á Reykjanesi ...... | C 6 | 5 | 305 | 305 | |
| 12. | Hvammsá hjá Hvammst. .. | D 7 | 7 | 400 | 345 | Brú á þéttb.v. |
| 13. | Gilkotslækur ............ | D 30 | 8 | 440 | 440 | Endurbygging |

| Heiti | Vegur | Lengd brúar m | Áætl. kostn. 1000 kr. | Kostn. vegasj. 1000 kr. | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|
| 14. Kallá í Skagafirði ......... | D 23 | 4 | 400 | 400 | Stálbogi, endurb. |
| 15. Bakkaá á Tjörnesi ........ | E 25 | 4 | 400 | 400 | — — |
| 16. Innri Vallaá í Stöðv.f. ...... | F 39 | 5 | 470 | 470 | |
| 17. Garðsá í Stöðvarf. ......... | F 39 | 4 | 280 | 280 | |
| 18. Lambeyrará í Eskifirði .... | F 31 | 4 | 580 | 200 | Brú á þéttb.v. |
| 19. Staðará í N-Múl. .......... | Sýsluv. | 9 | 240 | 60 | |
| 20. Rás úr Skaptá ............ | G 88 | 9 | 560 | 560 | |
| 21. Seljalandsá .............. | G 1 | 8 | 630 | 630 | Byggð 1966 |
| 22. Djúpá í Laugardal ........ | G 15 | 8 | 630 | 630 | — — |
| 23. Sýrlækur í Gaulverjab.v. ... | G 41 | 6 | 360 | 360 | |
| | | Samtals | | 6200 | |

Framangreindar brýr voru allar byggðar, að undantekinni brú nr. 12, á Hvammsá hjá Hvammstanga, sem fresta varð til næsta árs, vegna þess, að hreppsnefnd óskaði eftir annarri staðsetningu á brúnni en gildandi skipulagsuppdráttur gerði ráð fyrir.

Eftir að ákveðið hafði verið í apríl að ráðstafa smábrúafé, eins og að framan greinir, brotnuðu tvær gamlar trébrýr í Rangárvallasýslu, sem óhjákvæmilegt var að endurbyggja, en það var brú á Eyjafljóti hjá Forsæti og læk á Þingskálavegi. Kostnaður við endurbyggingu þessara brúa var áætlaður alls um 800 þús. kr. og greiðist af fjárveitingu til smábrúa 1968.

## VI. TIL SÝSLUVEGASJÓÐA

Fjárveiting til sýsluvegasjóða í vegáætlun var 13.2 millj. kr., og var sú fjárveiting miðuð við, að heildartekjur sýsluvegasjóða á s. l. ári samkv. 21. og 23. gr. vegalaga hafi numið 6 575 þús. kr., svo sem nánar er rakið í greinargerð með till. til þingsályktunar um endurskoðun á vegáætlun 1967 og 1968.

Þar sem fjárveiting til sýsluvegasjóða í vegáætlun í ár hækkaði aðeins um 1.3 millj. kr. miðað við fyrri vegáætlun, var ákveðið að skipta þessari fjárveitingu fyrir árin 1967 og 1968 hlutfallslega á sýsluvegasjóðina í samræmi við þá skiptingu, sem gerð var 1965 fyrir allt vegáætlunartímabilið samkv. reglugerð nr. 62/1964.

Áætlaðar tekjur sýsluvegasjóða samkv. 21. og 23. gr. vegalaga og framlag vegasjóðs til þeirra verða í ár, eins og hér segir:

### Framlög til sýsluvegasjóða árið 1967.

| Sýsla | Framlag samkv. 21. og 26. gr. | Framlag samkv. 23. gr. | Heimaframlög samtals | Ríkisframlag | Samtals árið 1967 |
|---|---|---|---|---|---|
| Gullbringu- ..... | 523 000.00 | 40 000.00 | 563 000.00 | 327 000.00 | 890 000.00 |
| Kjósar- ........ | 284 000.00 | 90 000 00 | 374 000.00 | 343 000.00 | 717 000.00 |
| Borgarfjarðar- — | 186 412.00 | | 186 412.00 | 365 000.00 | 551 412.00 |
| Mýra- .......... | 191 650.00 | | 191 650.00 | 699 000.00 | 890 650.00 |
| Snæf.- og Hnapp. | 366 009.00 | 5 000.00 | 371 009.00 | 584 000.00 | 955 009.00 |
| Dala- ........... | 123 000.00 | 2 000.00 | 125 000.00 | 340 000.00 | 465 000.00 |
| A-Barðastrandar- | 57 047.00 | 1 331.00 | 58 378.00 | 124 000.00 | 182 378.00 |
| V-Barðastrandar- | 156 787.00 | 2 000.00 | 158 787.00 | 361 000.00 | 519 787.00 |
| V-Ísafjarðar- .... | 225 285.00 | | 225 285.00 | 336 000.00 | 561 285.00 |
| N-Ísafjarðar- .... | 244 469.00 | | 244 469.00 | 207 000.00 | 451 469.00 |

| Sýsla | Framlag samkv. 21. og 26. gr. | Framlag samkv. 23. gr. | Heimaframlög samtals | Ríkisframlag | Samtals árið 1967 |
|---|---|---|---|---|---|
| Stranda- ........ | 152 000.00 | | 152 000.00 | 566 000.00 | 718 000.00 |
| V-Húnavatns- ... | 157 320.00 | 2 505.00 | 159 825.00 | 657 000.00 | 816 825.00 |
| A-Húnavatns- ... | 218 785.00 | 21 140.00 | 239 925.00 | 552 000.00 | 791 925.00 |
| Skagafjarðar- .... | 209 701.00 | 8 000.00 | 217 701.00 | 956 000.00 | 1 173 701.00 |
| Eyjafjarðar- .... | 369 922.00 | 17 971.00 | 387 893.00 | 475 000.00 | 862 893.00 |
| S-Þingeyjar- .... | 355 000.00 | 18 000.00 | 373 000.00 | 959 000 00 | 1 332 000.00 |
| N-Þingeyjar- .... | 183 005 00 | 5 000 00 | 188 005.00 | 688 000.00 | 876 005.00 |
| N-Múla- ........ | 309 593 00 | 4 000.00 | 313 593.00 | 1 036 000.00 | 1 349 593.00 |
| S-Múla- ......... | 482 754.00 | | 482 754.00 | 660 000.00 | 1 142 754.00 |
| A-Skaftafells- ... | 112 000.00 | 4 000.00 | 116 000.00 | 236 000.00 | 352 000.00 |
| V-Skaftafells- ... | 142 000.00 | 5 000.00 | 147 000.00 | 517 000.00 | 664 000.00 |
| Rangárvalla- .... | 383 931.00 | 4 000.00 | 387 931.00 | 1 106 000.00 | 1 493 931.00 |
| Árnes- ......... | 736 000.00 | 150 000.00 | 886 000.00 | 1 106 000.00 | 1 992 000.00 |
| | 6 169 670.00 | 379 947.00 | 6 549 617.00 | 13 200 000.00 | 19 749 617.00 |

## VII. TIL VEGA Í KAUPSTÖÐUM OG KAUPTÚNUM

Mannfjöldi 1. des. 1966 samkv. endanlegu manntali Hagstofu Íslands 1. ágúst 1967:

| | |
|---|---|
| Kaupstaðir .................................................... | 134 197 íbúar |
| Kauptún með yfir 300 íbúa ........................................ | 28 498 — |
| Samtals | 162 695 íbúar |

| | | |
|---|---|---|
| Framlag samkv. 32. gr. vegalaga (12½% af áætluðum heildartekjum vegasjóðs 1967 kr. 350.1 millj. kr. ......................... | | kr. 43 762 500.00 |
| Innstæða í vegasjóði frá 1966: | | |
| 12½% af heildartekjum vegasjóðs 1966 kr. 305 484 176.79 .................................. | kr. 38 185 522.00 | |
| ÷ Tekið til skipta 1966 ..................... | — 31 760 000.00 | |
| | | — 6 425 522.00 |
| | | kr. 50 188 022.00 |
| Frá dregst samkv. 34. gr. vegalaga 10% ......................... | | — 5 018 802.20 |
| Til skipta | | kr. 45 169 219.80 |

$$\text{Skiptitala á hvern íbúa } \frac{45\,169\,219.80}{162\,695} = 277\,631.27$$

Framlög samkv. 32. gr. vegalaga:

| Kaupstaðir: | Íbúatala: | Framlag: |
|---|---|---|
| Reykjavík ........................ | 79 202 | kr. 21 988.951.00 |
| Kópavogur ........................ | 10 014 | — 2 780 199.00 |
| Hafnarfjörður ..................... | 8 555 | — 2 375 135.00 |
| Keflavík ......................... | 5 422 | — 1 505 317.00 |
| Akranes .......................... | 4 162 | — 1 155 501.00 |
| Ísafjörður ........................ | 2 719 | — 754 879.00 |
| Sauðárkrókur ..................... | 1 416 | — 393 126.00 |
| Siglufjörður ...................... | 2 402 | — 666 870.00 |

| Kaupstaðir: | Íbúatala: | | Framlag: | |
|---|---|---|---|---|
| Ólafsfjörður | 1 063 | kr. | 295 122.00 | |
| Akureyri | 9 943 | — | 2 760 487.00 | |
| Húsavík | 1 871 | — | 519 448.00 | |
| Seyðisfjörður | 905 | — | 251 256.00 | |
| Neskaupstaður | 1 521 | — | 422 277.00 | |
| Vestmannaeyjar | 5 002 | — | 1 388 712.00 | |
| | | | | kr. 37 257.280.00 |

| Kauptún: | Íbúatala: | | Framlag: | |
|---|---|---|---|---|
| Grindavík | 957 | kr. | 265 693.00 | |
| Sandgerði | 871 | — | 241 817.00 | |
| Njarðvík | 1 538 | — | 426 997.00 | |
| Garðahreppskauptún | 2 059 | — | 571 643.00 | |
| Seltjarnarnes | 1 878 | — | 521 392.00 | |
| Borgarnes | 1 037 | — | 287 904.00 | |
| Hellissandur | 517 | — | 143 535.00 | |
| Ólafsvík | 922 | — | 255 976.00 | |
| Grundarfjörður | 539 | — | 149 643.00 | |
| Stykkishólmur | 1 020 | — | 283 184.00 | |
| Patreksfjörður | 1 014 | — | 281 518.00 | |
| Bíldudalur | 340 | — | 94 395.00 | |
| Þingeyri | 375 | — | 104 112.00 | |
| Flateyri | 522 | — | 144 924.00 | |
| Suðureyri | 429 | — | 119 104.00 | |
| Bolungarvík | 942 | — | 261 529.00 | |
| Hnífsdalur | 322 | — | 89 397.00 | |
| Hólmavík | 370 | — | 102 724.00 | |
| Hvammstangi | 314 | — | 87 176.00 | |
| Blönduós | 660 | — | 183 237.00 | |
| Skagaströnd | 557 | — | 154 641.00 | |
| Hofsós | 297 | — | 82 456.00 | |
| Dalvík | 998 | — | 277 076.00 | |
| Hrísey | 296 | — | 82 179.00 | |
| Raufarhöfn | 467 | — | 129 654.00 | |
| Þórshöfn | 446 | — | 123 824.00 | |
| Vopnafjörður | 458 | — | 127 155.00 | |
| Egilsstaðir | 528 | — | 146 589.00 | |
| Eskifjörður | 876 | — | 243 205.00 | |
| Búðareyri í Reyðarfirði | 542 | — | 150 476.00 | |
| Búðir í Fáskrúðsfirði | 702 | — | 194 897.00 | |
| Djúpivogur | 320 | — | 88 842.00 | |
| Höfn í Hornafirði | 758 | — | 210 446.00 | |
| Vík í Mýrdal | 382 | — | 106 055.00 | |
| Stokkseyri | 396 | — | 109 942.00 | |
| Eyrarbakki | 483 | — | 134 096.00 | |
| Selfoss | 2 155 | — | 598 295.00 | |
| Hveragerði | 766 | — | 213 221.00 | |
| Þorlákshöfn | 443 | — | 122 990.80 | |
| | | | | kr. 7 911 939.80 |
| Samtals 162.695 íbúar | | | | kr. 45 169 219.80 |

Af framlagi samkv. 34. gr. fékk Selfosshreppur 2.0 millj. kr., en Kópavogskaupstaður afganginn, sem nam liðlega 3 millj. kr.

## VIII. TIL VÉLA- OG ÁHALDAKAUPA.

Fjárveitingar voru sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Til véla- og verkfærakaupa | 12 000 þús. kr. |
| 2. | Til byggingar áhaldahúsa | 2 000 — — |
| 3. | Til bókasafns verkamanna | 30 — — |
| | Alls | 14 030 þús. kr. |

1. **Vélakaup:**

Af nýjum vélum var keypt eftirfarandi:
2 vegheflar,
1 veghefill, sérstaklega byggður fyrir snjóruðning,
5 vélskóflur,
1 jarðýta,
2 malarflutningsbifreiðar,
1 borvagn og loftþjappa,
1 sáningarvél,
2 bifreiðar fyrir vegaeftirlit,
3 smábifreiðar,
10 snjótennur á ýtur og veghefla.

Auk þessa einnig ýmis minni tæki fyrir brúargerðir, eins og vélbörur, rafstöðvar o. þ. h.

Alls voru keyptar vélar og tæki fyrir 22 millj. kr. Kaup umfram fjárveitingu voru greidd af nokkru með afskriftafé véla, og einnig fékkst hluti af erlendu kaupverði að láni til eins árs.

2. **Bygging áhaldahúsa:**

1. Á Akureyri hefur verið fengin 3 ha stór lóð undir nýtt áhaldahús við Miðhúsaveg. Hefur lóðin verið girt og jöfnuð og teikningar gerðar af nýju áhaldahúsi.
2. Í Búðardal hefur verið reist 6×30 m skemma og verður hún fullbúin í byrjun næsta árs.
3. Á Selfossi hefur verið fengin 1 ha lóð í makaskiptum við hreppinn, lóðin girt og unnið að því að reisa sams konar skemmu og í Búðardal.

3. **Bókasafn verkamanna:**

Fjárveitingunni var varið til kaupa á nýjum bókum fyrir bókasöfn vinnuflokkanna.

## IX. TIL TILRAUNA VIÐ VEGA- OG GATNAGERÐ.

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Fjárveiting í vegáætlun 1967 | 2 064 þús. kr. |
| 2. | Geymt fé frá 1966 | 763 — — |
| | Alls | 2 777 þús. kr. |

Fjárveitingu þessari var varið til eftirfarandi tilrauna- og rannsóknarstarfsemi:

1. **Tilraunir með ódýr slitlög úr asfalti:**

Lagt var slitlag úr asfaltemulsionum á 0.3 km kafla Suðurlandsvegar í Svínahrauni til samanburðar við olíumalarkafla, sem lagður var þar árið 1966. Sams konar slitlag var lagt á 1.2 km kafla Suðurlandsvegar austan Selfoss og 0.4 km kafla Álftanesvegar. Einn tæknifræðinga vegagerðarinnar fór í stutta ferð til Skotlands til þess að kynna sér slitlagagerð þessa. Kostnaður við þessar framkvæmdir er áætlaður 1 850 þús. kr.

2. **Rannsóknir á möl til mannvirkjagerðar:**

Síðan árið 1957 hefur Atvinnudeild Háskólans unnið að reglubundnum rannsóknum á malarnámum í byggð landsins, sérstaklega með tilliti til notkunar malar til mannvirkjagerðar, sem steypuefni, efni í slitlag á vegi o. s. frv. Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins hefur nú tekið við þessum rannsóknum. Búnaðarbanki Íslands og Vegagerð ríkisins bera kostnað af rannsóknunum og hlutdeild vegagerðarinnar var 125 þús. kr. á þessu ári.

3. **Rannsóknir á burðarþoli vega:**

Rannsóknir á burðarþoli vega eru nú hafnar. Ætlunin er að rannsaka burðarþol vega almennt með tilliti til undirstöðu og efnis, sem vegirnir eru byggðir úr, og árstíðasveiflur burðarþolsins. Bæði malarvegir og vegir með varanlegt slitlag verða rannsakaðir, og mun Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins gera flestar rannsóknirnar. Til tækjakaupa, undirbúnings og rannsókna var varið 175 þús. kr. á þessu ári. Í sambandi við þessar rannsóknir fór einn verkfræðinga vegagerðarinnar á námsskeið í Sviss, sem haldið var að tilhlutan Norræna Vegtæknisambandsins, þar sem fjallað var um úrbætur á hæfni jarðefna til vegagerðar og aukningu burðarþols þeirra, m. a. með blöndun á sementi í vissar tegundir af jarðvegi.